



Reykjavík, 30. nóvember 2023

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (þskj. 509 í 468 máli)

Hinn 7. nóvember síðastliðinn lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.). Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi Samtaka sjálfstæðra skóla og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Í IV. kafla frumvarpsins er lögð til breyting á 42. gr. A laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem varðar endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Í því samhengi vilja SSSK vekja athygli á ósanngjörnu misræmi sem leiðir af endurgreiðsluákvæðum 3. mgr. 42. gr. laganna.

Ákvæði 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988

Meginefni 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 er svohljóðandi:

Endurgreiða skal ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt af innflutningi eða kaupum á eftirtalinni þjónustu eða vöru:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi, sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.

[...]

Gildandi ákvæði 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 eiga rót sína að rekja til 13. gr. breytingalaga nr. 119/1989. Í sérstökum athugasemdum við 13. gr. frumvarps til breytingalaganna var vísað til þess að lög nr. 50/1988 gerðu ráð fyrir því að skattlagning raskaði ekki samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem ættu viðskipti við sveitarfélög og aðra óskráða aðila sem gætu sjálfir veitt sér



þjónustu. Af þeim sökum voru tvær leiðir farnar, þ.e. annars vegar var lögfest skylda til skattlagningar sem jafnar samkeppnisstöðu, sem nú er m.a. að finna í 4. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. laganna, og hins vegar lögð til heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts, skv. 42. gr. laganna, vegna kaupa á tilteknum vörum og þjónustu. Fyrir sveitarfélög og viðsemjendur þeirra varð afleiðingin annars vegar sú að m.t.t. virðisaukaskatts voru þeir settir í sömu stöðu, þ.e. báðir standa skil á virðisaukaskatti vegna vöru- og þjónustusölu og eigin verka og framkvæmda m.t.t. samkeppni. Þar með skapast ekki hvati fyrir sveitarfélög til að halda úti eigin verkdeildum og spara sér með því fjárhæðir sem nema virðisaukaskatti. Þeir skattskyldu aðilar sem selja sveitarfélögum og öðrum tiltekna þjónustu, sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, leggja allir útskatt á söluverð og eiga rétt til færslu innskatts á móti útskatti við uppgjör virðisaukaskatts. Sveitarfélög fá útskattinn hins vegar endurgreiddan í ákveðnum tilvikum. Þar með var á meðvitaðan hátt létt á skattgreiðslum sveitarfélaga.

Sjálfstæðir skólar

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 174 grunnskólar starfandi á Íslandi árið 2022 og nam fjöldi nemenda 47.115. Af þeim voru 158 reknir af opinberum aðilum en 13 voru sjálfstæðir. Nemendur í opinberu skólum voru 45.489 en 1.452 nemendur sóttu sjálfstæða grunnskóla. Árið 2021 voru 16.032 börn í leikskólum sveitarfélaga en 3.243 í sjálfstæðum leikskólum. Starfsmenn sjálfstæðra leikskóla voru samtals 1.056 í 921 stöðugildum en 5.838 starfsmenn störfuðu árið 2021 í leikskólum sveitarfélaga í 5.111 stöðugildum.

Starfsemi sjálfstæðra leik- og grunnskóla grundvallast á ákvæðum laga nr. 90/2008, um leikskóla og laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Af lagaákvæðunum leiðir að lagaleg staða skólanna er að langmestu leyti sambærileg stöðu leik- og grunnskóla sem eru reknir af sveitarfélögum. Til að mynda fer ráðherra menntamála með yfirstjórn bæði leik- og grunnskólamála, sveitarfélög bera faglega ábyrgð á starfseminni, innra stjórnskipulag er hið sama, skóla- og foreldraráð skal þar starfa auk þess sem gerðar eru sömu kröfur til húsnæðis, námskráa og samstarfs. Ráðuneyti ráðherrans og sveitarfélög fara með samskonar eftirlitsheimildir gagnvart sjálfstæðum skólum og öðrum, sambærileg þjónusta skal vera í boði fyrir nemendur og leyst er úr ágreiningsmálum á sama hátt. Þannig er ágreiningur um ákvarðanir sjálfstæðra skóla í málefnum nemenda t.d. felldur í farveg stjórnsýslumála eins og í opinberum skólum.

Munurinn milli sjálfstæðra skóla og skóla sem reknir eru af sveitarfélögum kristallast einna helst í rekstrarforminu. Skólar reknir af sveitarfélögum eru í eðli sínu hluti stjórnvalda og í vissum skilningi opinberar stofnanir. Sjálfstæðir skólar eru hins vegar einkaréttarleg félög. Algengast er að þeir séu reknir sem einkahlutafélög en einnig þekkist að rekstur þeirra sé t.d. í formi félagasamtaka. Að forminu til geta sjálfstæðir skólar því verið reknir í hagnaðarskyni. Sá munur er hvað helstur á sjálfstæðum skólum og skólum reknur af sveitarfélögum að hinir fyrrnefndu eru reknir á eigin áhættu á meðan hinir síðarnefndu eru reknir á áhættu sveitarfélaga og þar með skattgreiðenda. Ráðningarsambönd starfsmanna við sjálfstæða skóla eru einnig einkaréttarleg en falla undir opinberan rétt í tilviki skóla sveitarfélaganna. SSSK gera því sérstaka kjarasamninga við



stéttarfélag um kjör starfsmanna sjálfstæðra skóla en í framkvæmd hafa slíkir samningar ávallt komið í kjölfarið á og verið í fullu samræmi við kjarasamninga sveitarfélaga og viðsemjenda þeirra.

Skattaleg staða sjálfstæðra skóla

Það er meginregla 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1998 að virðisaukaskattsskylda nái til allrar vinnu og þjónustu hverju nafni sem nefnist. Í 3. mgr. lagagreinarinnar er hins vegar í ýmsu tilliti vikið frá meginreglunni um skattskyldusviðið og af 3. tölul. málsgreinarinnar leiðir að rekstur skóla og menntastofnana er beinlínis undanþeginn virðisaukaskatti. Nær fráviknið til kennslu og menntunar, m.a. námskeiða sem fela í sér faglega menntun, endurmenntun og hefðbundna skóla- og menntastarfsemi, sbr. YSKN. nr. 116/2021. Samkvæmt 4. mgr. 2. laganna nær undanþágan aðeins til sölu eða afhendingar vinnu eða þjónustu og af 15. og 16. gr. laganna leiðir að rekstraraðilar skóla, sem falla undir 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. laganna njóta ekki réttar til uppgjörs virðisaukaskatts þar sem innskattur er færður á móti útskatti, hvort sem þeir eru í eigu sveitarfélag eða einkaaðila, enda fellur engin útskattur til í starfseminni. Rekstraraðilar sjálfstæðra skóla eru því í sambærilegri stöðu og sveitarfélög sem reka skóla hvað framangreint varðar.

Í 1. málsli. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988 er kveðið á um að aðilar sem hafa undir höndum starfsemi sem fellur undir 3. mgr. 2. gr. laganna, þ. á m. rekstraraðilar skóla sbr. 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna, skuli greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila. Af almennri reglu 1. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar leiðir að rekstraraðilar skóla eru einnig skattskyldir að því marki sem þeir selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu utan kennslu og menntunar. Í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988 er kveðið á um að ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra beri að innheimta og skila virðisaukaskatti að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Á hið sama við um skattskyldar vörur og þjónustu vegna eigin nota skv. 4. málsli. 2. mgr. 3. gr. laganna. Sérstaklega er þó tekið fram að það eigi ekki við um að ræða vinnu eða þjónustu sem er skilgreind í 3. mgr. 42. gr. laganna sem innt er af hendi utan sérstaks fyrirtækis eða þjónustudeildar. Er það eðlilegt þar sem endurgreiðslurétti virðisaukaskatts vegna þjónustu sem er tilgreind í 3. mgr. 42. gr. laganna er beinlínis ætlað að tryggja jafna samkeppnisstöðu og því óþarft að skattleggja eigin þjónustu.

Hvað skattskyldu varðar er staða rekstraraðila leik- og grunnskóla í meginráttum sambærileg hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélögum eða einkaaðilum. Rekstraraðilum sjálfstæðra skóla og sveitarfélögum ber að innheimta og skila virðisaukaskatti af skattskyldum vörum og þjónustu til skattskyldrar sölu og framleiðslu eða þjónustu sem innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila. Eina fráviknið felst í þeirri þjónustu sem talin er upp í 3. mgr. 42. gr. laganna nr. 50/1988. Sveitarfélögum ber ekki að leggja á hana virðisaukaskatt þar sem útskattur af henni er endurgreiddur sé hún keypt af skattskyldum aðila. Fyrir vikið eru sveitarfélög ekki hvött til að leggja áherslu á innri þjónustu í hagkvæmnisskyni. Hina leiðina hefði löggjafinn hins vegar getað farið, þ.e. að kveða á um skyldu sveitarfélaga til að greiða virðisaukaskatt af allri



skattskyldri innri þjónustu en endurgreiða þá ekki virðisaukaskatt sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Sú leið var hins vegar ekki farin í því skyni að draga úr skattgreiðslum sveitarfélaga.

Af framangreindu leiðir að staða sveitarfélaga og sjálfstæðra aðila sem rekstraraðila leik- og grunnskóla er að meginstefnu sambærileg m.t.t. virðisaukaskatts. Á milli munar þó að sveitarfélögum er gert fært að komast undan því að sitja uppi með virðisaukaskatt vegna kaupa á þeirri þjónustu sem tilgreind er í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Var ákvörðun um það meðvituð og að því er virðist m.a. tekin í því skyni að draga úr fjármagnsflutningi frá sveitarfélögum til ríkis með það markmið að leiðarljósi að tryggja jafna samkeppnisstöðu.

Rétt er að taka fram að með erindi, dags. 23. október 2018, tilkynnti Ríkisskattstjóri rekstraraðila sjálfstæðs skóla um höfnun beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, með vísan til þess að skólinn gæti ekki talist tilheyra ríkinu, sveitarfélagi eða stofnun þeirra.

Tekjur sjálfstæðra skóla

Tekjur sjálfstæðra leik- og grunnskóla standa saman af a) framlögum frá sveitarfélögum og b) skólagjöldum sem foreldrar leik- og grunnskólabarna greiða.

Framlög sveitarfélaga til sjálfstætt starfandi grunnskóla eru lögbundin og nema 70–75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, skv. 43. gr. b. laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Framlög sveitarfélaga til sjálfstæðra leikskóla eru ákveðin í þjónustusamningum framangreindra aðila, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla.

Samkvæmt 8. tölul. 4. mgr. 43. gr. a laga nr. 91/2008 geta sveitarfélög ákveðið í þjónustusamningum við sjálfstæða grunnskóla að gjaldtaka af nemendum sæti hámarki. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 43. gr. c. laganna skal tilgreint í samþykktum sjálfstæðra skóla að fjárframlög opinberra aðila verði eingöngu nýtt í þágu skólastarfs. Framlög sveitarfélaga til sjálfstæðra leikskóla eru ákveðin í þjónustusamningum framangreindra aðila, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2008. Í slíkum samningi geta sveitarfélög ákveðið að skilgreina hámarksfjárhæð leikskólagjalda sem sjálfstæðum leikskólum er heimilt að innheimta. Er það sama hámark og á við í leikskólum sem sveitarfélög reka. Af lestri samninga sveitarfélaga við sjálfstæða leikskóla leiðir að mikill meiri hluti tekna þeirra er í formi framlaga frá sveitarfélögum og svo virðist sem í öllum tilvikum sé þar kveðið á framangreinda hámarksgjaldtöku leikskólagjalda.

Lög og þjónustusamningar nýta rekstrarkostnað opinberra skóla sem viðmið við útreikning framlaga til sjálfstæðra skóla. Í lögum og framkvæmd liggur fyrir að tekjum sjálfstæðra leik- og grunnskóla er ætlað að endurspeglar kostnað og tekjur sem myndast í rekstri leik- og grunnskóla af hálfu sveitarfélaga. Til grundvallar liggur það jafnræðissjónarmið að borgararnir, þ.e. skólabörn og foreldrar, eigi tilkall til þess að fjárhagsleg aðkoma hins opinbera að skólastarfi sé sambærileg, þ.e. að tekjum sveitarfélaga sé ráðstafað með sambærilegum hætti til menntunar allra skólabarna. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir því að rekstrarforsendur leik- og grunnskóla séu sambærilegar hver sem rekstraraðili skóla er, óháð rekstrarformi.



samtök sjálfstæðra skóla



Óbein áhrif 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988

Eins og áður hefur komið fram er sá munur á stöðu sveitarfélaga sem rekstraraðila leik- og grunnskóla og rekstraraðila sjálfstæðra leik- og grunnskóla að sveitarfélögin fá endurgreiddan virðisaukaskatt við innkaup á eftirfarandi þjónustu af skattskyldum aðilum:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tækni-fræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi, sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.

Eins og sveitarfélög greiða rekstraraðilar sjálfstæðra leik- og grunnskóla virðisaukaskatt af kaupum á framangreindri þjónustu en án þess að eiga nokkurn rétt til endurgreiðslu hans. Með öðrum orðum myndar virðisaukaskatturinn kostnað í rekstri sjálfstæðra aðila en ekki í rekstri sveitarfélaga. Svo gripið sé til orða sem komu fram í greinargerð frumvarps til laga nr. 50/1988 teljast slíkir aðilar neytendur þeirrar þjónustu sem er notuð í fyrirtækjum þeirra. Segja má að svo sé ekki að öllu leyti í tilviki sveitarfélaga sem njóta endurgreiðslna skv. 3. mgr. 42. gr. laganna.

Eins og áður segir er rekstrarkostnaður opinberra leik- og grunnskóla nýttur sem viðmið við útreikning framlaga til sjálfstæðra skóla. Þá eru möguleikar sjálfstæðra skóla til að ráða fjárhæðum skólagjalda í ýmsu tilliti tempraðir með hliðsjón af gjaldtöku opinberra skóla. Stofn framlaga sveitarfélaga til sjálfstæðra grunnskóla er lögbundinn, meðaltal heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda. Í þjónustusamningum er rekstrarkostnaður sveitarfélagarekinna leikskóla einnig lagður til grundvallar, t.d. í Reykjavík þar sem fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs borgarinnar myndar stofn framlaga. Eðli máls samkvæmt endurspeglar stofninn rekstrarkostnað skóla sveitarfélaganna eins og hann liggur fyrir þar sem þegar hefur verið tekið tillit til endurgreiðslna virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Sjálfstæðum skólum ber að greiða virðisaukaskatt hvort sem sú þjónusta sem undir endurgreiðsluákvæðið fellur er keypt eða innt af hendi í eigin starfsemi. Fyrir vikið endurspeglar framlög sveitarfélaganna ekki rekstrarkostnað sjálfstæðra skóla því á milli nemur fjárhæð endurgreidds virðisaukaskatts til sveitarfélaga sem rót sína á að rekja til skólarekstrar. Fjárhæð sem því nemur birtist í rekstrarkostnaði sjálfsræða skóla en ekki í rekstrarkostnaði og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga vegna skólarekstrar.

Mögulegar aðgerðir og afleiðingar

Í ljósi framangreinds standa sjálfstæðir skólar frammi fyrir nokkrum möguleikum sem horfa með mismunandi hætti við þegar litið er til sjónarmiða um að létta skattbyrði sveitarfélaga og jafna



stöðu skólabarna og foreldra þeirra sem liggja að baki ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, nr. 90/2008 og 91/2008:

- 1) Gera ekkert. Áfram verður þá viðhaldið því ójafnræði sem skapast hefur m.t.t. framlaga frá sveitarfélögum þar sem kostnaður vegna skóla sem þau reka endurspeglast ekki í raunförsendum rekstrar sjálfstæðra skóla.
- 2) Krefjast þess að fá að hækka fjárhæð leik- og grunnskólagjalda. Slík aðgerð mundi almennt koma niður á jafnræði skólabarna m.t.t. rekstraraðila skóla.
- 3) Krefjast breytinga á ákvæðum laga nr. 91/2008 með það að leiðarljósi að framlagsstofni sveitarfélaga vegna rekstrar sjálfstæðra grunnskóla verði breytt með þeim hætti að tekið verði tillit til þess að vegið meðaltal heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda, samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, tekur ekki mið af þeirri staðreynd að sveitarfélög njóta endurgreiðslna virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988. Slík breyting samræmist jafnræðissjónarmiði laga nr. 91/2008 og eykur líkur á sambærilegt fjármagn fylgi hverju skólabarni óháð rekstraraðila grunnskóla. Hún færi hins vegar gegn því sjónarmiði laga nr. 50/1988 að draga úr skattgreiðslum sveitarfélaga því í raun mundu þau sitja uppi með virðisaukaskatt sem þau fengju endurgreiddan ef reksturinn væri á þeirra herðum og þannig koma niður á samkeppnisstöðu sjálfstæðra grunnskóla.
- 4) Krefjast þess að í þjónustusamningum við sveitarfélög vegna sjálfstæðs reksturs grunnskóla verði miðar við hærri hlutfallstölu en sem nemur 70–75% lágmarki skv. 43. gr. b. laga nr. 91/2008. Í raun yrði afleiðingin sú hin sama og af breytingum á framlagsstofni sveitarfélaga. Slík breyting samræmist jafnræðissjónarmiði laga nr. 91/2008 og eykur líkur á sambærilegt fjármagn fylgi hverju skólabarni óháð rekstraraðila grunnskóla. Hún færi hins vegar gegn því sjónarmiði laga nr. 50/1988 að draga úr skattgreiðslum sveitarfélaga því í raun mundu þau sitja uppi með virðisaukaskatt sem þau fengju endurgreiddan ef reksturinn væri á þeirra herðum og þannig koma niður á samkeppnisstöðu sjálfstæðra grunnskóla.
- 5) Krefjast þess að í þjónustusamningum við sveitarfélög um rekstur leikskóla verði framlög til sjálfstæðra leikskóla hækkuð um sem nemur virðisaukaskatti sem endurgreiddur er vegna rekstrar þeirra á leikskólum. Í raun yrði afleiðingin sú hin sama og af breytingum á framlagsstofni og farmlagshlutfalli sveitarfélaga vegna rekstrar grunnskóla. Slík breyting samræmist jafnræðissjónarmiði laga nr. 90/2008 og eykur líkur á sambærilegt fjármagn fylgi hverju skólabarni óháð rekstraraðila leikskóla. Hún færi hins vegar gegn því sjónarmiði laga nr. 50/1988 að draga úr skattgreiðslum sveitarfélaga því í raun mundu þau sitja uppi með virðisaukaskatt sem þau fengju endurgreiddan ef reksturinn væri á þeirra herðum og þannig koma niður á samkeppnisstöðu sjálfstæðra leikskóla.

Niðurlag

Af framangreindu leiðir að eina leiðin til þess að tryggja að jafnræðissjónarmið að baki ákvæðum laga nr. 90/2008 og 91/2008 og sjónarmið um að draga úr skattbyrði sveitarfélaga sem liggja að baki ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 er að tryggja sjálfstæðum leik- og grunnskólum sem gert hafa þjónustusamninga við sveitarfélög rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988.

Með erindi þessu leyfa SSSK sér að fara fram á að inngangsmálslið framangreindrar 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 verði breytt með þeim hætti að endurgreiðsluákvæði



samtök sjálfstæðra skóla

greinarinnar nái ekki aðeins til ríkis, sveitarfélaga og stofnanna þeirra heldur einnig til leikskóla sem bæði hafa starfsleyfi skv. 25. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla, og njóta framlaga úr sveitarsjóði, sbr. 26. gr. laganna, og sjálfstætt rekinna grunnskóla samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Í samskiptum sem SSSK hafa átt við fjármála- og efnahagsráðuneytið undanfarin rúm tvö ár hafa SSSK látið í ljós mat á áhrifum þeirrar lagabreytingar sem óskað er eftir. Er það mat SSSK að sú aðgerð að fella sjálfstæða leik- og grunnskóla undir endurgreiðsluákvæði 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, muni hafa neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs sem nemur á bilinu 75–100 millj. kr. á ári miðað við verðlag í ágúst 2023.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka sjálfstæðra skóla

Alma Guðmundsdóttir
formaður